

231. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. mars 2025, á Teams

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnheiður Jónsdóttir, Karl Kristjánsson, Arnar Kristjánsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: engin

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 11.00.

1. Fundargerð 230. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 230. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 4. mars 2025.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Endurheimt Hraunsfjarðar

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar [hér](#).

Breiðafjarðarnefnd átti fund með landeigendum Hraunsfjarðar um mögulega endurheimt fjarðarins 14. mars. Á fundinum var áfram rætt um viðmið og næstu skref verkefnisins.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerði áætlun um næstu skref verkefnisins.

3. Umsögn vegna skipulagsbreytinga í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi vegna þriggja skipulagsáætlana. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar vann drög að umsögn milli funda og sendi þau á nefndafólkið.

Afgreiðsla:

Nefndin skoðaði drögin og samþykkti þau með fyrirvara um breytingar sem ræddar voru á fundinum.

4. Jónsnes í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd hefur orðið var við framkvæmd í Jónsnesi í Sveitarfélaginu Stykkishólmi innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Skipulag hófst án aðkomu Breiðafjarðarnefndar en samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar ber að afla umsagnar nefndarinnar um framkvæmdir innan

verndarsvæðisins. Starfsmaður nefndarinnar óskaði eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu um málið og sendi fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um málsmeðferð.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar svar Skipulagsstofnunar þar sem fram kemur að málið sé til skoðunar hjá stofnuninni.

5. Búðanes í Sveitarfélaginu Stykkishólmi

Sveitarfélagið Stykkishólmur hefur haldið áfram jarðvegsvinnu við Búðanes í þeim tilgangi að útbúa söguleið um svæðið. Lesa má um málið í frétt frá 6. nóvember 2024 á heimasíðu sveitarfélagsins [hér](#).

Breiðafjarðarnefnd sendi fyrirspurn til sveitarfélagsins, en ekki hefur borist svar. Auk þess sendi nefndin fyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna málsmeðferðar í lok mars.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar svar skipulagsstofnunar þar sem kemur fram að málið er til skoðunar hjá stofnuninni.

6. Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2025

Breiðafjarðarnefnd er að undirbúa vettvangsferð árs 2025.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi vettvangsferðina og gerði fyrstu grófu áætlun um ferðina, sem fyrirhugað er að fara í lok júní 2025.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjárfundur á Teams þann 9. apríl 2025, kl. 11.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.